



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Samgöngustofa




ISAVIA

FJARSKIPTASJÓÐUR



PÓST- OG
FJARSKIPTASTOFNUN



Samgönguáætlun 2015-2026 Fjarskiptaáætlun 2015-2026 Matslýsing

Drög

20. maí 2014



14168

S:\2014\14168\v1_Matslýsing\14168_matslysing-drog_140509.docx

Maí 2014

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	20.05.2014	SGT/SDJ	SGT	SGT

**Efnisyfirlit**

1	Matslýsing	3
1.1	Inngangur	3
1.2	Matsskylda	3
2	Mótun og stefna áætlana	3
2.1	Samgönguáætlun 2015-2026	3
2.2	Framkvæmdir í samgönguáætlun	4
3	Fjarskiptaáætlun 2015-2026	4
4	Vinna við umhverfismat áætlana	5
4.1	Nálgun matsvinnu	5
4.2	Áhrifaþættir	7
4.3	Umhverfisþættir	7
4.4	Valkostir	8
4.5	Mat á vægi áhrifa	8
4.6	Gögn, matsspurningar og viðmið	9
5	Tengsl við aðrar áætlanir	13
6	Samráð og kynningar	14
7	Tímaáætlun við mótun samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar	16
8	Heimildir	17



1 Matslýsing

1.1 Inngangur

Í undirbúningi er gerð samgönguáætlunar 2015-2026 og fjarskiptaáætlunar 2015-2026. Áætlanirnar eru mótaðar á grundvelli almennrar stefnumörkunar innanríkisráðherra á grundvelli laga nr. 33/2008 um samgönguáætlun og laga nr. 81/2003 um fjarskiptaáætlun og í víðtæku samráði við almenning og hagsmunaaðila.

Vinna við gerð samgönguáætlun er í höndum samgönguráðs í samvinnu við Vegagerðina, Isavia og Samgöngustofu. Vinna við fjarskiptaáætlun er í höndum verkefnisstjórnar fjarskiptaáætlunar í samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun og fjarskiptasjóð og er í fyrsta sinn unnið umhverfismat fyrir áætlunina.

Umhverfismat áætlana er ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja megi mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið. Markmiðið er að auka gæði áætlana, breyta þeim og samþætta þær fyrirbyggjandi stefnu í umhverfismálum og sjálfbærri þróun. Grundvallarhugmyndin með slíku mati er að sá sem mótastefnuna geri sér grein fyrir orsakasambandi milli áætlana og umhverfisáhrifa þeirra og bregðist við með það að leiðarljósi að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

1.2 Matsskylda

Samkvæmt lögum nr. 105/2006 skal vinna umhverfismat fyrir áætlun ef hún:

- ▶ er undirbúin og samþykkt af stjórnvöldum
- ▶ er unnin samkvæmt lögum
- ▶ markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Bæði samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun eru undirbúnar og samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum. Samgönguáætlun 2015-2026 er háð lögum um umhverfismat, en fjarskiptaáætlun er ekki matsskyld þar sem hún markar ekki stefnu er varðar leyfisveitingar framkvæmda í 1. eða 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar hefur hins vegar tekið þá ákvörðun að vinna umhverfismat fyrir fjarskiptaáætlun 2015-2026, til að stuðla að bættri áætlanagerð og taka á kerfisbundinn hátt mið af umhverfissjónarmiðum við mótun áætlunarinnar.

2 Mótun og stefna áætlana

Samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun eru efnislega ólíkar áætlanir, en byggja hins vegar á sameiginlegum yfirmarkmiðum.

2.1 Samgönguáætlun 2015-2026

Samkvæmt lögum nr. 33/2008 um samgönguáætlun er með henni mörkuð stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu tólf árin. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna tekur samgönguáætlun til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningsamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Í henni skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Þá er þess sérstaklega getið að í samgönguáætlun skuli m.a. meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.

Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim **megin markmiðum** að samgöngur:


- ▶ séu greiðar,
- ▶ séu hagkvæmar í uppbyggingu og rekstri



- ▶ séu öruggar,
- ▶ séu umhverfislega sjálfbærar,
- ▶ stuðli að jákvæðri byggðapróun með auknum búsetugæðum.

Við gerð samgönguáætlunar skal jafnframt taka mið af eftirfarandi markmiðum:

- ▶ að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
- ▶ að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,
- ▶ að ná fram samræmdu skipulagi samgöngugreina og samstarfi stofnana innanríkisráðuneytisins og fyrirtækja á þess vegum.



Mynd 2.1 Samgöngukerfið 2011. Myndin sýnir grunnnet samgangna árið 2011. Síðan hafa orðið nokkrar breytingar; Strandsiglingar eru hafnar með viðkomu á Ísafirði og Akureyri, auk Reyðarfjarðar. Áætlunarflug er hafið til Húsavíkur en flug á Sauðárkrók var aflagt árið 2013. Að öðru leyti er grunnnetið lítt breytt.

2.2 Framkvæmdir í samgönguáætlun

Auk stefnumiða er einnig gerð grein fyrir helstu framkvæmdum á sviði samgangna næstu 12 árin. Framkvæmdirnar snúa að vegagerð, hafnargerð, sjóvörnum og framkvæmdum við flugvelli. Hluti þessara framkvæmda munu falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

3 Fjarskiptaáætlun 2015-2026


Samkvæmt lögum nr. 81/2003 skal í fjarskiptaáætlun gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin í áætluninni skulu stuðla að:

- ▶ aðgengilegum og greiðum,
- ▶ hagkvæmum og skilvirkum,
- ▶ öruggum og,
- ▶ umhverfisvænum fjarskiptum.



Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

- stuðla að atvinnuuppbyggingu, bættum lífsgæðum og jákvæðri byggðapróun,
- tryggja öryggi almennt fjarskiptaneta innan lands og tengingar við umheiminn,
- styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands,
- ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar fjarskipti og skyld svið,
- ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskipta á hagvöxt og lífsgæði,
- ná fram samræmdri forgangsriðun og stefnumótun, og skal forgangsriðun byggjast á mati á þörf fyrir úrbætur á landinu í heild og í einstökum landshlutum.



4 Vinna við umhverfismat áætlana

4.1 Nálgun matsvinnu

Matsvinnan fer fram samhliða áætlanagerð til að tryggja að horft verði til umhverfissjónarmiða við mótun samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar. Matið mun byggja á helstu áhrifapáttum sem felast í stefnumiðum áætlana og framkvæmd þeirra og umhverfispáttum sem kunna að verða fyrir áhrifum. Í matsvinnu verður lagt mat á umfang og vægi mögulegra umhverfisáhrifa og lagðar til mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir umhverfisáhrif ef þörf krefur og leggja fram vöktunaráætlun þar sem þess er þörf.

Samgönguáætlun er bæði stefnumótandi áætlun og framkvæmdaáætlun um einstök verkefni. Umhverfismat samgönguáætlunar verður því tvískipt. Annars vegar verður fjallað um áhrif stefnu áætlunarinnar á umhverfið og hins vegar verður fjallað um umhverfisáhrif helstu framkvæmda með þeirri nákvæmni sem umhverfismat áætlana felur í sér. Mat á heildarumhverfisáhrifum byggir á þessum tveimur þáttum matsvinnunnar.



Fjarskiptaáætlun er hins vegar fyrst og fremst stefnuskjal þar sem framkvæmdir í fjarskiptum eru fyrst og fremst á höndum markaðsaðila. Aðkoma hins opinbera er einkum á grundvelli öryggissjónarmiða og markaðsbrests. Gagnaöflun og umhverfismat fyrir áætlunina tekur mið af því.

Lögð verður fram ein umhverfisskýrsla fyrir báðar áætlanirnar, en umfjöllun skipt upp eftir fyrir hvora áætlun.

Fyrir liggur umhverfisskýrsla samgönguáætlunar 2011-2022. Mun umhverfismatið að stærstum hluta byggja á þeirri skýrslu, þar sem stefnumið og áherslur samgönguáætlunar 2015-2026 eru að mestu óbreytt.

Nálgun matsvinnunnar byggir á þeim markmiðum sem ná á fram með umhverfismati áætlana, sem eru að:

- ▶ Skilgreina líkleg og veruleg áhrif á umhverfið.
- ▶ Bera saman umhverfisáhrif valkosta.
- ▶ Veita heildarsýn á umhverfisáhrif vegna samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar.
- ▶ Taka tillit til umhverfisjónarmiða við mótun áætlana og draga þannig úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.
- ▶ Skilgreina vöktun og mótvægisáðgerðir þar sem það á við.
- ▶ Skjalfesta matsvinnu.
- ▶ Stuðla að samræmi áætlana og greina frá tengslum samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga.
- ▶ Kynna helstu umhverfisáhrif samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar.

Verklag við mótun áætlana og umhverfismat

Samgönguráð og verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar munu halda fundi með landshlutasamtökum sveitarfélaga í öllum landshlutum. Niðurstöður fundanna verður hluti þeirra forsendna sem leggja grunn að mótun helstu áherslna áætlana í samræmi við stefnu ráðherra. Nánari grein verður gerð fyrir þessum hluta samráðsins í umhverfisskýrslu.

Áhersla umhverfismatsins er að segja frá helstu umhverfisáhrifum samgöngu- og fjarskiptaáætlana. Nálgun og umfjöllun umhverfismats byggir á vinnu umhverfismats fyrir samgönguáætlun 2011 - 2022.

Starfshópur á vegum samgönguráðs og verkefnisstjórnar fjarskiptaáætlunar, hefur umsjón með umhverfismatinu. Í hópnum sitja fulltrúar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Póst- og fjarskiptastofnunar, Isavia og innanríkisráðuneytisins sem jafnframt veitir hópnum formennsku.

Starfshópurinn mun með aðstoð ráðgjafa leggja mat á helstu umhverfisáhrif áætlana. Við mat á vægi áhrifa verður leitað til fagstofnana, til sérfræðinga á sviði viðkomandi umhverfisþátta eftir þörfum og tekið mið af þeim umsögnum og athugasemdum sem berast við kynningu á matslýsingu og umhverfisskýrslu.

Matsvinnan mun byggja á fyrirbyggjandi gögnum. Tafla 4.3 gerir grein fyrir helstu gögnum sem aflað verður í matsvinnu, matsspurningum og stefnum stjórnsvalda sem litið verður til við mat á vægi áhrifa.



Framsetning umhverfisskýrslu

Miðað er við að leggja fram upplýsingar um umhverfispætti og umhverfisáhrif í töflum, texta og kortum byggðum á landupplýsingakerfi. Áhersla er lögð á skýra framsetningu, að byggja eins og kostur er á hlutlægum gögnum og móta grunn sem geri kleift að bera saman og/eða meta breytingar á umhverfisáhrifum við endurskoðun eða breytingar á samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun í framtíðinni.

Í tengslum við mat á áhrifum framkvæmda verða sýnd yfirlitskort í landupplýsingarkerfinu ArcGis. Á kortunum verða merktar inn mögulegar framkvæmdir og upplýsingar um umhverfispætti.

4.2 Áhrifaþættir

Samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun fela í sér stefnu um uppbyggingu, styrkingu og viðhald grunnets samgangna og fjarskipta. Ýmsir þættir við framkvæmd áætlananna kunna að hafa áhrif á umhverfið. Tafla 4.1 gerir grein fyrir helstu áhrifaþáttunum sem verða til skoðunar í matsvinnunni.

4.3 Umhverfispættir

Í samræmi við umfang samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar, reynslu innanríkisráðuneytisins, Vegagerðarinnar, Isavia, Samgöngustofu, Póst- og fjarskiptastofnunar og fjarskiptasjóðs af umhverfisáhrifum framkvæmda og umfjöllun um umhverfismat fyrri samgönguáætlana hafa helstu umhverfispættir verið skilgreindir.

Þar sem stefnumið og áherslur nýrrar samgönguáætlunar eru að öllum líkindum sambærileg við samgönguáætlun 2011-2022 verða sömu umhverfispættir til umfjöllunar. Hluti þessara umhverfispáttanna verða til skoðunar fyrir fjarskiptaáætlun.

Í lögum um umhverfismat áætlana er umhverfi skilgreint sem: *Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.*

Tafla 4.1 Yfirlit um umhverfispætti og helstu áhrifaþætti samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar

Umhverfispáttur	Samgönguáætlun	Fjarskiptaáætlun
Samfélag og byggð	Samfélag og þróun byggðar geta orðið fyrir talsverðum áhrifum vegna stefnu og framkvæmda á samgönguáætlun bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Það snýr m.a. að aðgengi að þjónustu og atvinnusvæðum. Heilsa fólks er mikilvægur þáttur sem samgönguáætlun getur haft áhrif á. Umfjöllun um heilsu snýr fyrst og fremst að vistvænum samgöngum, staðbundinni loftmengun, hávaða frá umferð og hvernig samgöngur hafi áhrif á lýðheilsu. Einnig er fjallað almennt um möguleg áhrif á hreyfingu og heilsufar.	Stefnumörkun fjarskiptaáætlunar kann að hafa talsverð áhrif á samfélag og byggð vegna stefnu uppbyggingar og tímasetningar uppbyggingar fjarskiptakerfis og –þjónustu. Áhrifin eru mest á félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Framkvæmdir í fjarskiptum geta haft mikil áhrif á búsetugæði. Mögulega er einhver geislun vegna fjarskipta, en ólíklegt að hún sé heilsuspillandi.
Loftslag	Stefnumið tillögu að samgönguáætlunar stuðla að notkun umhverfisvænna orkugjafa og breytingum í vali á ferðamáta, m.a. til að draga úr losun á mengandi efnum sem hafa áhrif á loftslag. Megin áhersla er á að fjalla um losun gróðurhúsalofttegunda frá umferð samgangna.	Stefnumörkun fjarskiptaáætlunar er líkleg til að hafa óbein áhrif á loftslag. Mögulega geta bætt fjarskipti orðið til þess að draga úr fjölda eða lengd ferða og þannig dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Bein áhrif á loftslag getur falist í fækkun rafstöðvagnúinna fjarskiptasendaþátta.
<i>Frh. á næstu síðu</i>		



Umhverfisþáttur	Samgönguáætlun	Fjarskiptaáætlun
Umhverfi og náttúra	Náttúrufar er einn af grundvallarþáttum sem áætlunin hefur áhrif á. Umfjöllun um náttúrufar nær til gróðurs, dýralífs, vistkerfa, búsvæða, jarðmyndana, landslags, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni eftir því sem við á. Umfjöllun um bein áhrif á náttúrufar tengist fyrst og fremst framkvæmdahluta áætlunarinnar.	Flestar jarðframkvæmdir vegna fjarskipta koma til með að hafa einhver neikvæð áhrif á umhverfi. Ólíklegt er að þau séu umtalsverð, Sjónræn áhrif og áhrif á hljóðvist á framkvæmdartíma kunna þó í einhverjum tilfellum að vera nokkur.
Haf- og strandsvæði	Samgönguáætlun kann að hafa bein áhrif á haf- og strandsvæði vegna uppbyggingar hafnarmannvirkja, sjóvarna og siglingaleiða.	Stefna um fjarskipti getur haft áhrif á haf- og strandsvæði vegna sæstrengja.
Öryggi	Öryggi er þáttur sem fellur undir samfélag, en honum er gefið sérstakt vægi í áætlanagerð um samgöngur. Markmið snúa m.a. að öryggi veg-, sjó- og flugfarenda. Umfjöllun um öryggi nær til slysa og óhappa á fólki og slysa sem geta valdið mengun eða röskun á umhverfi.	Stefnumörkun um fjarskipti er líkleg til að hafa áhrif á öryggi. Um er að ræða öryggi í byggð og utan byggða sem og öryggi veg-, flug og sjófarenda.

4.4 Valkostir

Umræða og mótun mögulegra valkosta verður hluti af stefnumótunarvinnu við gerð samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar. Þessi nálgun byggir á samráði m.a. við landshlutasamtök sveitarfélaga, opinberar stofnanir, markaðsaðila, ýmis hagsmunasamtök og almenning, þar sem leitað er eftir hugmyndum ólíkra aðila. Markmið með þessari nálgun er m.a. að nýta undirbúningsvinnu við mótun á nýrri samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun við samanburð ólíkra markmiða.

Mikilvægur liður í matsvinnunni er fólgin í að endurskoða markmið og áherslur fyrri áætlana og gera grein fyrir mögulegum áhrifum þess að fylgja áfram fyrri stefnu eða breyta henni.

Ekki verður almennt fjallað um valkosti einstakra verkefna, nema nægar upplýsingar liggi fyrir. Almennt verður frekari útfærslum eða valkostaumfjöllun einstakra framkvæmda vísað til síðari stiga s.s. við gerð aðalskipulags og mats á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.

4.5 Mat á vægi áhrifa

Áhrif eru metin jákvæð og neikvæð, bein og óbein, langtíma og skammtíma, varanleg og samvirk. Við mat á umfangi áhrifa áætlana á umhverfið er tekið mið af þróun umhverfisþátta án framkvæmda áætlana, þ.e. núll-kost. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar við aðrar áætlanir, ef slíkt á við.

Vægi umhverfisáhrifa verður flokkað í jákvæð og neikvæð áhrif, ásamt því að gerð verður grein fyrir óvissu og tilefni hennar (Tafla 4.2).

Tafla 4.2: Vægi umhverfisáhrifa			
Jákvæð	Veruleg jákvæð (++)	Jákvæð (+)	Óveruleg jákvæð (+/0)
Neikvæð	Veruleg neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Óveruleg neikvæð (-/0)
Óvissa	Óvissa um umhverfisáhrif (?)		



4.6 Gögn, matsspurningar og viðmið

Í töflu 4.3 er yfirlit um umhverfisþætti, helstu matsspurningar, mælikvarða og viðmið vegna umhverfismatsins og byggir það m.a. á lýsingu landsskipulagsstefnu 2015-2026 (Skipulagsstofnun, 2014).



Tafla 4.3 Umhverfispættir, gögn, matsspurningar og viðmið

Umhverfispættir	Gögn	Matsspurningar	Viðmið
Byggð og samfélag	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Upplýsingar í svæðis- og aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga um ný samgöngumannvirki. ▶ Skýrsla nefndar um landnotkun. Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands. Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þórólfur Halldórsson, 2010. ▶ Anna Dóra Sæþórsdóttir (2012). Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur. ▶ Skýrslur Byggðastofnunar um samfélag, atvinnulíf og byggðapróun. ▶ Rögnvaldur Guðmundsson. Viðhorfskannanir (Suðvesturlínur, 2009; Vegir og ferðaþjónusta). ▶ Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. ▶ Tölulegar upplýsingar um fjölda erlendra ferðamanna (Ferðamálastofa). 	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Falla markmið og stakar framkvæmdir að áformum um atvinnuuppbyggingu í landshluta? ▶ Falla markmið og stakar framkvæmdir að markmiðum atvinnu- og þjónustusvæða? ▶ Stuðla markmið / stök verkefni að góðum búsetuskilyrðum og samkeppnishæfni byggða og bæja? ▶ Stuðla markmið / stök verkefni að áframhaldandi sérstöðu Íslands sem ferðamannastaðar? ▶ Er land sem fer undir grunnet samgangna / stök verkefni þjóðlendur eða annað eignarland? ▶ Mun grunnet / stök verkefni fara um skilgreind útivistarsvæði? ▶ Mun grunnetið / stök verkefni fara um ræktað land? ▶ Hefur grunnetið / stök verkefni áhrif á hávaða nærri byggð og útivistarsvæðum? ▶ Hefur grunnetið / stök verkefni áhrif menningarmínjar? 	<p>Byggðaaætlun 2014-2017</p> <p>Að efla klasahugsun og svæðisbundin þekkingarsetur sem samþætta þverfagleg fræðasvið og staðbundnar áherslur, sérkenni og styrkleika.</p> <p>Að stuðla að dreifingu ferðamanna um landið með markvissri uppbyggingu nýrra áfangastaða, svo og viðhaldi þeirra áfangastaða sem þegar eru til staðar.</p> <p>Sóknaráætlanir landshluta</p> <p>Samræmi við stefnu um helstu vaxtargreinar: iðnað, frumgreinaframleiðsla og þjónusta, þ.m.t. hátækni og þekkingariðnaður, skapandi greinar og ferðaþjónusta.</p> <p>Ferðamálaáætlun 2011-2022</p> <p>Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands.</p> <p>Samgöngur eru mikilvægasta forsenda allrar ferðaþjónustu á Íslandi og mikilvægt að við áætlanagerð og framkvæmdir í tengslum við samgöngumál verði tekið tillit til hagsmuna ferðaþjónustunnar</p> <p>Velferð til framtíðar:</p> <p>Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.</p> <p>Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða..</p>
Loftslag	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. ▶ Afmörkun votlendis á Íslandi. 	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Hafa markmið og frekari uppbygging grunnetsins í för með áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda? ▶ Stuðla markmið / stök verkefni að minni losun gróðurhúsalofttegunda? ▶ Munu stakar framkvæmdir raska votlendi? 	<p>Markmið í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</p> <p>Markmið í Doha breytingu á Kyoto samningnum</p> <p>Velferð til framtíðar</p> <p>Takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum. Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis með markvissum aðgerðum.</p> <p>Byggðaaætlun 2014-2017</p> <p>Að auka hlutdeild innlendra, vishæfra orkugjafa í samgöngum.</p> <p>Sóknaráætlanir landshluta</p> <p>Að í samgöngum og sjávarútvegi verði a.m.k. 10% orkugjafa af endurnýjanlegum uppruna árið 2020.</p>



Umhverfisþættir	Gögn	Matsspurningar	Viðmið
Umhverfi og náttúra	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Afmörkun Umhverfisstofnunar á ósnortnum víðernum og afmörkun verndarheilda í tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024. ▶ Fyrirliggjandi upplýsingar um svæði sem njóta landslagsverndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. ▶ Afmörkun landslagsheilda í Svæðisskipulagi Miðhálandisins 2015. ▶ Viðhorf ferðamanna til mannvirkja (Rögvaldur Guðmundsson). ▶ Upplýsingar um afmörkun náttúruverndarsvæða frá Umhverfisstofnun. ▶ Skýrsla um ástand friðlýstra svæða 2012 (Umhverfisstofnun). ▶ Fyrirliggjandi upplýsingar um svæði sem falla undir 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. ▶ Verndaráætlun Vatnajökulþjóðgarðs. ▶ Upplýsingar um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) (www.birdlife.org). ▶ Kortlagning birkiskóga frá 1990 (umhverfisráðuneytið, 2007) ▶ Upplýsingar um vatnsverndarsvæði í svæðisskipulags- og/eða aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. 	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Stuðla markmið/ stök verkefnið að vernd náttúruminja? <p>Fer grunnnetið / stök verkefni um:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▶ Ósnortin víðerni? ▶ Svæði sem njóta landslagsverndar? ▶ Svæði á náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013? ▶ Svæði á náttúruminjaskrá: Friðlýst svæði, fólkvangar, önnur svæði á náttúruminjaskrá? ▶ Svæði sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 (eldhraun, mýrar og flóar stærri en 3 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur)? ▶ Birkiskógar eða önnur lykil vistkerfi? ▶ Mikilvæg alþjóðleg fuglasvæði (IBA)? ▶ Ramsarsvæði? ▶ Fer flutningskerfið / stök verkefni um svæði þar sem eru merkar jarðmyndanir? 	<p>Velferð til framtíðar:</p> <p>Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbygðum Íslands.</p> <p>Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna, en þar sem það er ekki mögulegt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.</p> <p>Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis, lands eða heimsvísu.</p> <p>Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykil vistkerfi Íslands og að unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi. Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyrir til undantekninga</p> <p>Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðasjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.</p> <p>Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.</p> <p>Náttúruverndarlög nr. 44/1999</p> <p>Náttúruverndaráætlun 2009-2013:</p> <p>13 svæði sem stefnt er að friðlýsingu.</p> <p>Náttúruminjaskrá:</p> <p>Verndaráætlun Vatnajökulþjóðgarðs og annarra þjóðgarða</p> <p>Samningur um líffræðilega fjölbreytni</p> <p>Ramsarsamningur um votlendi</p> <p>Alþjóðasamþykkt um fuglavernd</p>




Umhverfisþættir	Gögn	Matsspurningar	Viðmið
Öryggi	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Atvika og slysaskráning Samgöngustofu fyrir umferð ökutækja ▶ Atvika og slysaskráning Samgöngustofu fyrir flug ▶ Slysakort Samgöngustofu (bílaumferð). ▶ Kortlagning fjarskiptasvæða. ▶ Atvika og slysagrunnur Samgöngustofu (flug). 	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Hefur stefna eða framkvæmdir áhrif á öryggi vegfarenda og sjófarenda? ▶ Hefur stefna eða framkvæmdir áhrif á öryggi flugumferðar? ▶ Stuðla markmið/ stök verkefni að því að byggð og bæir séu tengd með traustum samgöngum og fjarskiptum? 	<p>Umferðaröryggisáætlun Áætlun um öryggi sjófarenda Flugöryggisáætlun Íslands Chicago samningurinn um alþjóðlegt almenningsflug Evrópureglugerðir um öryggi og eftirlit (flug, sjó, umferð) Stefnumörkun í loftslagsmálum</p> <p>Hafa skal líklega hækkun á sjávarborði sérstaklega í huga við hönnun á byggð og mannvirkjum við ströndina.</p>
Haf- og strandsvæði	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Um skipulag haf- og strandsvæða – löggjöf, lykilhugtök og stjórnæki (Skipulagsstofnun 2014). ▶ Kortlagning hrygningarsvæða, viðkvæmra búsvæða í hafi. ▶ Greinargerð um stöðu haf- og strandskipulags (Skipulagsstofnun, 2012) ▶ Landskipulagsstefna 	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Hefur stefna eða framkvæmdir áhrif á búsvæði í hafi? ▶ Hefur stefna eða framkvæmdir áhrif á strandsvæði? 	<p>Velferð til framtíðar Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda. Hafið – Stefnumörkun íslenskra stjórnvalda. Viðhalda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðslugetu hafsins svo að nýta megi lifandi auðlindir þess um alla framtíð Ospar samningurinn um verndun hafrýmis Norð-Austur Atlantshafsins Marpol samningur um varnir gegn mengun frá skipum</p>



5 Tengsl við aðrar áætlanir

Hluti af matsvinnu er að skýra frá tengslum samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar við aðrar áætlanir. Mynd 5.1 greinir frá hvernig samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun tengjast landskipulagsstefnu og mótun skipulags á mismunandi skipulagsstigum.



Mynd 5.1 Tengsl samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar við aðrar áætlanir.

Tafla 5.1 greinir frá þeim áætlunum sem verður litið til og þeim atriðum sem kunna að snerta áætlanirnar sem eru í vinnslu.

Tafla 5.1 Tengsl áætlanna við aðrar áætlanir

Áætlunir	Atriði sem kunna að snerta samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun
Byggðaáætlun 2014-2017	Áhersluatriði byggðaáætlunar: Atvinnustefna, samþætting áætlana og aukið samstarf, efling stoðkerfis atvinnulífsins, efling ferðaþjónustu og jöfnun lífsskilyrða.
Sóknaráætlun 2020	Meginmarkið atvinnustefnu fyrir Ísland til 2020 er að skapa ný og fjölbreytt störf sem eru vel launuð og gjaldeyrisskapandi og byggja á samkeppnishæfni Íslands í heild eða sérstöðu einstakra svæða. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir og jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Vöxtur í íslensku atvinnulífi þarf að vera grænn, snjall og ná til margra þátta atvinnulífsins. Helstu vaxtargreinar eru líklegar til að tengjast iðnaði, frumgreinaframleiðslu og þjónustu, þ.m.t. hátækni og þekkingariðnaði, skapandi greinum og ferðaþjónustu.
Náttúruverndar-áætlun 2009-2013	Friðlýsing 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu.



Áætlanir	Atriði sem kunna að snerta samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun
Landgræðsluáætlun 2003-2014	Markmið Landgræðslu ríkisins er að vinna að stöðvun gróðureyðingar og jarðvegsrofs, gróðurefirliti, gróðurvernd og landbótum.
Verndaráætlun um Vatnajökulsþjóðgarð	Stefnumörkun um stofn- og flutningskerfi veitna innan Vatnajökulsþjóðgarðs.
Ferðamálaáætlun 2011-2020	Íslensk náttúra er auðlind ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að byggja upp, vernda og viðhalda ferðamannastöðum um allt land. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar sameinist um leiðir til að fjármagna slíkar umbætur.
Svæðis- og aðalskipulags-áætlanir	Stefnumörkun um legu grunnkerfa o.fl.
Menningarstefna í mannvirkjagerð	Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum. Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggir að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.
Stefnumörkun í loftslagsmálum	Hafa skal líklega hækkun á sjávarborði sérstaklega í huga við hönnun á byggð og mannvirkjum við ströndina. Gera skal mat á líkum á sjávarflóðum að teknu tilliti til líklegar hækkunar á sjávarborði.
Velferð til framtíðar	Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykil vistkerfi Íslands og að unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðasjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni í kerfi verndarsvæða. Tryggt verði að stór samfelld viðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra viðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun. Stefnt er að því að allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, ómenguðu af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja. Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin, eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi og að tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga. Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga. Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi. Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis, lands eða heimsvísu. Öll nýting hinnar lífandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.
Kerfisáætlun 2014-2023	Er í vinnslu og gert ráð fyrir að hún verður lögð fyrir stjórn Landsnets í haust til samþykktar.
Löggæsluáætlun 2014-2017	Er í endurskoðun og gert ráð fyrir að hún verði lögð fyrir á haustþingi 2014.
Almannavarna- og öryggisáætlun 2014-2017	Er í vinnslu og gert ráð fyrir að hún verði lögð fyrir á haustþingi 2014.

6 Samráð og kynningar

Samráð verður haft við hagsmunaaðila á öllum stigum matsvinnunnar. Mikilvægt er að nýta þá undirbúningsvinnu sem innanríkisráðuneyti, samgönguráð og verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar hafa þegar innt af hendi.

Samhliða vinnu við samgönguáætlun verður starfandi samráðsvettvangur með aðkomu sérfræðinga og fræðimanna, auk starfshópa um sérválin verkefni og stefnumótun. Þá verður haldið samgönguping sem er öllum opið þegar drög að áætluninni liggja fyrir.



Samhliða vinnu við fjarskiptaáætlun verða jafnframt starfandi starfshópar um séralin verkefni. Sameiginlegur vinnufundur verður haldinn vegna beggja áætlana um öryggi og áreiðanleika, þarfir ferðapjónustunnar o.fl.

Kynningar á gögnum matsvinnu

- ▶ Matslýsing verður aðgengileg á heimasíðu innanríkisráðuneytisins og gefinn 4 vikna athugasemdarfrestur. Allir geta sent inn athugasemd við matslýsingu. Innanríkisráðuneytið mun taka saman yfirlit um þær umsagnir og athugasemdir sem berast við matslýsingu og viðbrögð við þeim.
- ▶ Drög að umhverfisskýrslu verða aðgengileg á heimasíðu innanríkisráðuneytisins og gefinn a.m.k. 6 vikna athugasemdarfrestur. Ráðuneytið mun taka saman yfirlit um umsagnir og athugasemdir sem berast við umhverfisskýrslu og viðbrögð við þeim. Drögin verða senda landshlutasamtökum sveitarfélaga og helstu hagsmunasamtökum til umsagnar en eru að sjálfsögðu opin öllum til athugasemda. Metin verður á síðari stigum þörf og áhugi á að halda kynningarfundum um umhverfisskýrslu. Drög að umhverfisskýrslu verða uppfærð með hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem um hana berast.

Samráð verður á því formi að allir geta sent inn ábendingar og umsagnir við matslýsingu og drög að umhverfisskýrslu. Umhverfisskýrsla verður uppfærð með hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem berast við drögin.

Til að tryggja gegnsæi og lýðræðisleg vinnubrögð við matsferlið verður það birt í heild sinni, bæði matslýsing og umhverfisskýrsla ásamt athugasemdum við þær, meðferð og viðbrögðum innanríkisráðuneytis við athugasemdum á vefsvæði samgönguáætlunar. Þannig er tryggt að almenningur og aðrir hagsmunaaðilar geti ávallt kynnt sér stöðu umhverfismatsins.

<http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni/malaflokkar/samgonguaaetlun>

**7 Tímaáætlun við mótun samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar**

Helstu tímasetningar matsvinnu eru eftirfarandi:

Apríl 2014	Drög að matslýsingu
Mái - júní	Kynning á matslýsingu. Athugasemdatími 4 vikur. Úrvinnsla athugasemda
Júní - september	Drög að umhverfisskýrslu
Október	Tillaga að samgönguáætlun og umhverfisskýrslu Tillaga að fjarskiptaáætlun og umhverfisskýrslu Frestur til athugasemda 6 vikur
Nóvember	Úrvinnsla athugasemda og endurskoðun áætlana og umhverfisskýrslu.
Desember 2014	Afgreiðsla samgönguráðs á umhverfisskýrslu samgöngu-áætlunar og verkefnisstjórnar fjarskiptaáætlunar á umhverfisskýrslu fjarskiptaáætlunar.
Janúar - Febrúar 2015	Samgönguáætlun 2015-2026 og fjarskiptaáætlun 2015-2026 ásamt umhverfismati lagðar fram til þingsályktunar á Alþingi.



**8 Heimildir**

Alþjóðasamþykkt um fuglavernd. <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/98>

Byggðaaætlun 2014-2017.

Ferðmálaáætlun 2011-2020

Heildarstefna Íslands í málefnum hafsins.

http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Hafid_2004.pdf

Landgræðsluáætlun 2003-2014

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd

Lög nr. 33/2008 um samgönguáætlun

Lög nr. 81/2003 um fjarskipti

Marpol samningurinn um varnir gegn mengun frá skipum. <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/133>

Menningarstefna í mannvirkjagerð. Menntamálaráðuneyti 2007, Reykjavík

Náttúruminjaskrá. <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>

Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

<http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuverndaraaetlun/>

OSPAR samningurinn um verndun Norður Atlantshafsins.

<http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/146>

Rammasamningur SP um loftslagsbreytingar.

<http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/127>

Ramsarsamningurinn um votlendi. <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/157>

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni. <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/58>

Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

<http://www.skipulagsstofnun.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Sóknaráætlun 2020. Forsætisráðuneyti 2010, Reykjavík

Stefnumörkun í loftslagsmálum.

http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Stefnumorkun_i_loftslagsmalum.pdf

Tillaga til þingsályktunar um *samgönguáætlun 2011-2022*. 140. Löggjafarþing 2011-2012. Þskj. 534-393.mál.

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun. Umhverfisráðuneyti 2011, Reykjavík.

<http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/media/pdf/Stjornunar--og-verndaraaetlun-20110228-stadfest.pdf>

Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - stefnumörkun til 2020.

Umhverfisráðuneytið 2002, Reykjavík.

VSÓ Ráðgjöf og Mannvit 2011. Umhverfismat tillögu að samgönguáætlun 2011 - 2022.